

74. stjórnarfundur haldinn í Ásbyrgi 23. janúar 2014.

Mættir: Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Reynir Arnarson, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri. Hjalti Þór Vignisson og Eygló Kristjánsdóttir, boðuðu forföll.

Fundur hófst kl. 11

1. *Samþykki dagskrár*

- *Dagskrá samþykkt*

2. *Fundur með svæðisráði norðursvæðis:*

Mætt: Böðvar Pétursson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Grétar Ingvarsson og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir.

- *Þjóðgarðsvörður norðursvæðis, Hjörleifur Finnsson kynnti helstu atriði um rekstur og framkvæmdir 2013:*

Á árinu 2013 störfuðu 3 heilsársstarfsmenn og 24 sumarstarfsmenn á norðursvæði. Landvarðarvikur á svæðinu voru alls 235 árið 2013. Að Dettifossi að vestan komu um 120.000 gestir, sem er um 20% aukning frá 2012. Að Dettifossi að austan komu um 60.000 gestir. Í Ásbyrgi komu um 70.000 gestir og í Gljúfrastofu um 36.000 gestir á árinu 2013. Ferðamönnum á hálendi norðursvæðis fækkaði nokkuð m.v. árið 2012. Framkvæmdamegin var m.a. unnið að undirbúningi landvarðahúss í Drekgagili, deiliskipulagi Dettifossvegur, uppsetningu fræðslu- og upplýsingaskilta, lagfæringu og merkingu göngustíga.

- *Þjóðgarðsvörður norðursvæðis kynnti helstu atriði varðandi rekstur 2014*

Rekstur ársins 2014 stefnir í að verða með svipuðum hætti og á síðasta ári, að undanskildu því að ekki er hægt að reikna með viðbótarfé til landvörslu í ár, en slík var raunin á síðasta ári, en áfram verður heilsdagslandvörður við Dettifoss að vestan yfir sumartímann. Um nokkurn tíma hefur verið í undirbúningi að þjóðgarðurinn komi upp nýrri snyrtiaðstöðu við Dettifoss að vestan.

- *Ákveðið að rætt verði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um mögulegar lausnir þar.*

3. *Fjármál*

- *Rekstur 2013:*

Ekkert bendir til annars en að endanleg rekstrarniðurstaða fyrir árið 2013 verði nokkurn veginn á áætlun og stefnir í að afgangur verði á rekstri, eins og áætlað var.

- *Rekstraráætlun 2014:*

Búið er að fara yfir rekstraráætlanir svæða fyrir árið 2014 og stilla upp heildarrekstraráætlun fyrir þjóðgarðinn. Til þess að ná að mæta fyrirskrifaðri

hagræðingarkröfu í Fjárlögum er aðeins dregið úr sjálfbodaliðavinnu svo og örlítið úr landvörslu. Áætlað er að sértekjur muni hækka aðeins frá síðasta ári og verður það svigrúm, sem þar myndast að mestu notað til að bæta í upplýsingagjöf á vestursvæði.

- *Stjórn samþykkir framlagða rekstraráætlun fyrir árið 2014.*

- *Framkvæmdáætlun 2014:*

Á síðasta stjórnarfundum var rætt um framkvæmdahlutann, en framlag til hans í Fjárlögum ársins 2013 var alls 174 m.kr., en er 94,7 m.kr. á þessu ári, eða um 80 m.kr. lægra en það var í fyrra. Niðurstaða hvað þennan hluta varðar var, að í ár verður fyrst og fremst miðað við að ljúka þeim framkvæmdum sem þegar eru í gangi og þeim sem þegar hefur verið ákveðið að ráðast í.

- *Stjórn ákveður og samþykkir ofangreint varðandi framkvæmdir fyrir árið 2014.*

4. *Atvinnustefna*

Ný drög að grunnatriðum atvinnustefnu þjóðgarðsins liggja fyrir svo og drög að samningstexta fyrir tvenns konar samningsramma, annars vegar almennan samningsramma og hins vegar verkefnissamninga, sem þjóðgarðurinn gæti gert við samstarfsaðila sína. Á síðasta fundi stjórnar var framangreindum drögum að atvinnustefnu þjóðgarðsins vísað til svæðisráða og stefnt er að því að fullbúin stefna verði tilbúin fyrir lok febrúar n.k.

- *Öll svæðisráðin fjögur hafa fjallað um og samþykkt framangreind drög að Atvinnustefnu þjóðgarðsins, en þeirra viðbætur og athugasemdir koma fram í viðeigandi fundargerðum svæðisráða.*

5. *Mögulegar breytingar á lögum Vjþ*

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er með í undirbúningi drög að frumvarpi til breytinga á lögum stofnunarinnar, fyrst og fremst hvað varðar stjórnfyrirkomulag hennar, á grundvelli tillagna starfshóps sem skipaður var til þess verkefnis og hefur skilað tillögum til ráðherra. Þar eð að með hugmyndum að framangreindum breytingum á lögum þjóðgarðsins opnast möguleiki á frekari breytingum á lögum þjóðgarðsins, þá verður sett af stað vinna við að skoða hvort einhverjar aðrar breytingar á lögnum væri rétt að líta til samtímis.

- *Stjórn samþykkir að skoðaðar verði enn frekar þær hugmyndir að viðbótarbreytingum á lögum þjóðgarðsins og að þeim hugmyndum verði komið til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem fyrst til frekari úrvinnslu.*

6. *Gjaldtaka af ferðamönnum*

Áfram er unnið að lausn á tekjuöflun fyrir uppbyggingu ferðamannastaða á landinu og áfram er hugmyndin um „náttúrupassa/ferðamannakort“ sú eina sem er í skoðun. Enn er stefnt að því að búið verði að setja saman lagafrumvarp, sem lagt yrði fram fljótlega og stefnt á að verði samþykkt fyrir þinglok í vor. Frekari útfærslur á hugmyndinni eru enn í mótun.

7. Svæðisráð-fundargerðir

- norðursvæði; 23. janúar 2014.
- austursvæði; 17. janúar 2014.
- suðursvæði; 21. janúar 2014.
- vestursvæði; 21. janúar 2014 (ekki var farið yfir þá fundargerð)

8. Verkefnalisti – staða

Farið yfir þau verkefni sem bæst hafa við frá síðustu útgáfu.

9. Önnur mál

- Vinir Vatnajökuls-*samstarf*
 - Stjórn samþykkir að kallað verði eftir fundi með Vinum, frá Vatnjökulspjóðgarði færu til fundar; formaður, varaformaður, framkvæmdastjóri og þjóðgarðsvörður vestursvæðis.
 - Önnur mál
 - Snorri Ingimarsson upplýsti, að umræða um mögulega raflínu yfir Sprengisand hefur farið fram í Samút.

10. Næsti stjórnarfundur var ákveðinn 5. mars n.k.

Fundi lauk kl.16:30